

Húsnæðismál Leikfélags Hafnarfjarðar

Til : Andri Ómarsson
Frá : Leikfélag Hafnarfjarðar <leikfelag@gmail.com>
CC : steinrikur@gmail.com <steinrikur@gmail.com>
Heiti : Húsnæðismál Leikfélags Hafnarfjarðar
Málsnúmer : 1702065
Málsaðili : Leikfélag Hafnarfjarðar
Skráð dags : 30.03.2022 08:11:07
Höfundur : Leikfélag Hafnarfjarðar <leikfelag@gmail.com>

Til menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðar

Í framhaldi af fundi starfandi formanns Leikfélags Hafnarfjarðar (LH) með Rósu Guðbjartsdóttur bæjarstjóra og Andra Ómarssyni verkefnastjóra menningar- og markaðsmála Hafnarfjarðarbæjar þann 15. mars sl. óskar leikfélagið því að Hafnarfjarðarbær styðji við starfsemi leikfélagsins með húsnæðisstyrk, sem myndi gera félaginu kleift að leigja sér aðstöðu í bænum til þess að halda úti fastri félagsstarfsemi.

Félagið er nú húsnæðislaust eftir að hafa misst tímabundna aðstöðu sem bærinn útvegaði því í kapellu St. Jó. Eigur þess eru geymdar í leigugámi og sú takmarkaða starfsemi sem nú er hægt að halda úti fer fram í heimahúsi á Völlumum. Síðasta leikrit félagsins var sýnt í Kópavogi.

Á fyrrnefndum fundi, sem og í fyrri samskiptum LH og bæjarins, kom fram að Hafnarfjarðarbær hefur ekki laust húsnæði á takteinum sem félagið gæti fengið til afnota og að LH hefur ekki bolmagn til þess að leigja aðstöðu á eigin vegum. Því sækist félagið nú eftir föstum húsnæðisstyrk, allt að 200 þús./kr. á mánuði, svo það geti fundið og leigt húsnæði sem hægt er að nýta fyrir reglubundna starfsemi þess.

Við vonum að menningar- og ferðamálanefnd taki erindi okkar vel og veiti því stuðning á vettvangi bæjarráðs.

LH hefur brennandi áhuga á að halda áfram að efla starfsemi sína og bjóða Hafnfirðingum uppá áhugaleikhússtarfsemi af bestu gerð, með námskeiðum, æfingum, opnu húsi, höfundasmiðju, stuttverkahátíðum og vönduðum leiksýningum, frumsömdum sem og þekktum verkum af öllu tagi, eins og leikfélagið hefur sýnt og sannað að það hefur alla burði til.

Lágmarksþörf LH fyrir reglubundna starfsemi er salur sem rýmir leiklistarnámskeið og æfingar, auk skrifstofu-, eldhúss- og salernisaðstöðu. Ef mögulega væri hægt að setja þar upp minni sýningar væri það kostur. Mikill kostur væri að geta í sama rými geymt eigur félagsins, leikmuni og búninga. Við þurfum því að minnsta kosti 70 - 90 fm. húsnæði með góðum gólfleti og lofthæð. Okkur sýnist ekki ólíklegt að hægt sé að leigja atvinnuhúsnæði, t.d. gott iðnaðarbil, fyrir fyrrnefnda upphæð og jafnvel minna.

Með vinsemd og virðingu,

f.h. stjórnar Leikfélags Hafnarfjarðar,

Lilja Guðmundsdóttir, starfandi formaður